



Resistent Spärrgrund

Vörunr. 4244

Lýsing

Resistent Spärrgrund (4244) er vatnspynnalegur akrýlplastþeytugrunnur ætlaður á vegg og loft í baðherbergjum, sturtuklefum og þar sem mikill raki er til staðar. Resistent Spärrgrund er mjög vatnspolinn og myndar mjög þétta filmu. Grunnurinn inniheldur efni til varnar gegn sveppa- og gróðurmyndun.

Notkun

Resistent Spärrgrund (4244) er notaður til að grunna sjúgandi fleti (þynntur með vatni 1 á móti 1), til að líma og grunna dúk í vatnspéttum málningarkerfum og einnig til að grunna þússningu, nýjan múr, sandspartlaða fleti, gips- og spónaplötur og áður málaða fleti.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Hvítt (blátónað)	Þurrefni: 41 % (rúmmál)
Gljástig: Háflgljáandi	Þynnir: Vatn
Pakkningar: 1 og 4 lítra	Áhaldahreinsir: Vatn
Efnisnotkun: 4-7 m ² /l	Þurrktími: 3 klst
Eðlisþyngd: 1,2 kg/l	Yfirmálun: Eftir 3- 6 klst

Undirmálun

Notið Gullspack LW eða Gullspack W við spörtlun og ílögn á múrhúð, steinsteypu eða gifsplötur. Í vatnspéttum kerfum er notaður þar til gerður dúkur.

Yfirmálun

Resistent Täckfärg (8602) og Hemukrýl lakkmalning (5810).

Áhöld

Rúlla, pensill eða sprauta. Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Flöturinn skal vera hreinn og þurr fyrir málun. Sjúgandi fleti skal grunna með **Resistent Spärrgrund** (4244) þynntum 1 á móti 1 með vatni. Að lokum er hægt að velja um vatnspétt eða vatnsfráhrindandi kerfi með **Resistent Spärrgrund** (4244).

Endurmálun

Þrífið með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Ef um er að ræða alkýðmálningu og/eða flöturinn er mjög gljáandi er best að slípa lauslega með sandpappír til þess að matta hann, svo góð viðloðun náist. Að lokum er hægt að velja um vatnspétt eða vatnsfráhrindandi kerfi með **Resistent Spärrgrund**.

Vatnspétt kerfi

Í þessu kerfi verður að nota dúk. Dúkurinn er límdu og grunnaður með **Resistent Spärrgrund** (4244). Grunnið dúkinn þegar límingin hefur þornað. Málið 2 umferðir með **Resistent Täckfärg** (8602).

Vatnsfráhrindandi kerfi

Í þessu kerfi er ekki notaður dúkur. Grunna skal með **Resistent Spärrgrund** (4244) og mála síðan 2 umferðir með **Resistent Täckfärg** (8602) eða **Hemukryli** (5810).

Athugasemdir

- **Resistent Täckfärg** (8602) getur leyst upp gamla plastmálningu. Grunnið því ávallt slíka fleti með **Resistent Spärrgrund** (4244).
- Málið ekki fleti kaldari en +10°C.
- Notið ekki sömu rúllu við yfirmálun og grunnun. Erfitt er að þrífa **Resistent Spärrgrund** úr verkfærum og leifar af honum geta litað **Resistent Täckfärg** (8602).
- Notið hanska þegar unnið er með **Resistent Spärrgrund**, þar sem erfitt er að þrífa grunninn í burtu.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Resistent Spärrgrund** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.